

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Nefndasvið Alþingis
Alþingishúsið við Austurvöll
101 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 30. nóvember 2023

E-2023-294/00.11

Umsögn um frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga

Landsvirkjun vísar til umsagnarbeiðni sem barst frá umhverfis- og samgöngunefnd, dagsett 16.11.2023, er varðar frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Landsvirkjun hefur kynnt sér efni frumvarpsins og þakkar tækifærið til samráðs.

Landsvirkjun hefur undanfarin misseri vakið athygli á mikilvægi orkuöryggis fyrir íslenska þjóð og að það öryggi sé ekki sjálftryggt. Á síðustu árum hefur eftirspurn vaxið hratt og svigrúm verið lítið til að bregðast við áföllum í vinnslu- og flutningskerfi raforku eða óvæntum samdrætti á framboði til almennra notenda. Umframeftirspurn er eftir raforku og er fyrir séð að sú eftirspurn muni aukast á næstu árum. Á sama tíma hafa íslensk stjórnvöld sett fram metnaðarfull markmið í loftslagsmálum þar sem aukin orkuöflun til innlendra orkuskipta er lykilþáttur.

Ljóst er að auka þarf framboð á raforku umtalsvert eigi Ísland að standa við loftslagsskuldbindingar sínar og stuðlað verði að grænni framtíð og áframhaldandi velferðarsamfélagi. Sveitarfélög gegna lykilhlutverki hvað varðar skipulags- og leyfisveitingarmál orkumannvirkja og gegna þannig afar mikilvægu hlutverki hvað varðar framtíðarárangur Íslands í loftslagsmálum.

Landsvirkjun telur mikilvægt að innlent regluverk skapi með almennum hætti rétta hvata og tryggi að sveitarfélögin sjálf sjái fjárhagslegan ávinning í því að styðja við frekari uppbyggingu og aukið framboð raforku. Í þessu ljósi vill Landsvirkjun benda á að samhliða nýjum skatttekjum sveitarfélaga vegna nýrra orkumannvirkja fylgja oft og tíðum skertar greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Dregur þetta úr hvata sveitarfélaga til að styðja við aukna orkuuppbyggingu. Mikilvægt er að ólík stjórnarsýslustig, stofnanir landsins og fyrirtæki gangi í takt þegar kemur að uppbyggingu orkuvinnslu og að réttir hvatar séu til staðar. Landsvirkjun hvetur stjórnvöld til að huga vel að þessum málum, hvort sem er í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga eða með annarri löggjöf eða regluverki.

Að því gefnu að vilji sé til að nýta reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að tryggja betur fjárhagslega hvata sveitarfélaga mætti mögulega horfa til þess að sveitarfélög sem leggja landsvæði undir raforkuvinnslu úr endurnýjanlegum orkulindum fengju það sérstaklega metið í útreikningum Jöfnunarsjóðs s.s. í gegnum 5. grein frumvarpsins um *sérstök framlög*. Í þessu tilliti bendir Landsvirkjun á yfirstandandi vinnu starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu sem hefur það að markmiði að kanna leiðir til að ávinningur vegna auðlindanýtingar skili sér í ríkari mæli til nærsamfélaga og þeirra aðila sem fyrir áhrifum verða. Vegna samspils Jöfnunarsjóðs og tekna sveitarfélaga er mikilvægt að samstilla þessa vinnu.

Landsvirkjun er vel meðvitað um þörfina á því að sem víðtækust samfélagsleg sátt ríki um raforkuvinnslu og frekari orkuöflun á Íslandi. Lykilþáttur í slíkri sátt er m.a. að fjárhagslegum ávinningi af raforkuvinnslu sé skipt með sem sanngjörnstum hætti á milli ólíkra hagaðila, þ.m.t. sveitarfélaga. Í þeim anda hefur fyrirtækið til að mynda sett sér sérstaka samfélagsstefnu og hefur það að leiðarljósi að nærsamfélög virkjana þess njóti ávinnings af starfseminni. Fyrirtækið styður við fjölbreytt málefni og verkefni sem hafa jákvæð samfélagsáhrif og á síðasta ári námu beinar greiðslur þess til sveitarfélaga (fasteignaskattar og lóðarleiga) um einum milljarði króna.

Virðingarfyllt,



Kristín Linda Árnadóttir
Aðstoðarforstjóri

Pórólfur Nielsen
Forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni